SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2355
komudagur 7.5.2001

Selfossi, 7. maí 2001

**Nefndasvið Alþingis,**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma íslands hf., 707. mál**

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur ekki haft aðstöðu til, vegna mjög skamms umsgnarfrests, að taka afstöðu til frumvarpsins. Hins vegar ályktaði nýafstaðinn aðalfundur SASS, á eftirfarandi hátt um fjarskipti og gagnaflutninga:

> *„Aðalfundur SASS haldinn 23. - 24. mars skorar á Landsímann að hraða uppbyggingu gagnaflutningskerfis um allt land þannig að það uppfylli þarfir nútímans, á sambærilegu verði um allt land. Jafnframt skorar fundurinn á Landsímann að byggja upp GSM farsímakerfið þannig að það þjóni því öryggishlutverki sem því er ætlað sem boðkerfi viðbragðsaðila. Í dag er ljóst að víða á Suðurlandi er kerflð ekki virkt og þjónar því ekki öryggishlutverki sínu".*

Þessi ályktun er óháð eignarhaldi á Landsímanum, þannig að hvort sem fyrirtækið verður selt eða ekki, þá leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga áherslu á að að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram í ályktuninni.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

| Aðsetur – Address: | Símar – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 482 1088<br>482 1350 | 482 2921 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |